

**BORGARRÁÐ 20. júní 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um bráðabirgðaverkferill vegna framgöngu kjörinna fulltrúa - R19060174**

Fulltrúi Miðflokksins í borgarráði fagnar því að nú sé formlega búið að virkja hinn svokallaða bráðabirgðaverkferil/rannsóknarrétt ráðhússins vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa í þeirra garð. Það er staðfest tæpum sólarhring eftir að nýjar siðareglur kjörinna fulltrúa voru samþykktar á hitafund borgarstjórnar. Minnihlutinn hefur ítrekað óskað eftir því að bæði siðareglur og skráning fjárhagslegra hagsmuna nái bæði yfir kjörna fulltrúa og ædstu embættismenn borgarinnar og séu samþykktar samhliða. Því hefur ávallt verið hafnað af fyrrverandi forseta borgarstjórnar, Dóru Björt Guðjónsdóttur og borgarstjóra, Degi B. Eggertssyni. Nú hefur komið á daginn hvers vegna þessum réttmætu óskum minnihlutans var hafnað. Með bréfi dags. 12. júní, sem undirritaðri barst í gær með ábyrgðarpósti undirrituðu af eineltis- og áreitnisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu hefur einstakt fordæmi verið sett. Undirrituð lítur því svo á að nú hafi rétturinn til kvartanna verið virkjaður í báðar áttir og sé því orðinn gagnkvæmur á þann hátt að kjörnir fulltrúar hafi því líka feril til að kvarta undan framkomu og háttsemi embættismanna í sinn garð. Á þessum grunni eru eftirfarandi fyrirspurnir settar fram til svars að hálfu borgarinnar.

1. Hvers vegna var borgarráð ekki upplýst um að búið væri að virkja eineltis- og áreitnisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu, vegna meints eineltis borgarfulltrúa?
2. Fram kemur í bréfi eineltis- og áreitnisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu að borgarráð hafi fundað 7. maí, en þá var enginn fundur. Hvernig stendur á því?
3. Er verið að vísa í borgarráðsfund sem haldinn var 9. maí s.l.?
4. Hvers vegna er talað um að borgarráð hafi samþykkt bráðabirgðaverkferil vegna kvartana starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna framgöngu kjörinna fulltrúa, þegar einungis borgarfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Pírata greiddu tillöggunni atkvæði en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá?
5. Hvar var erindisbréf eineltisteymisins lagt fram til samþykktar og kynningar?
6. Þarf ekki að samþykkja erindisbréfið í borgarráði?
7. Hver samdi erindisbréfið?
8. Var málið svo hressilega undirbúið að daginn eftir samþykkt málsins var sent erindisbréf á eineltis- og áreitnisteymið?
9. Hvernig er hægt að halda því fram að ég hafi lagt skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara í einelti þegar ég hef einungis hitt hana á tveimur eða þremur fundum?
10. Hvaða sérhæfðu og óháðu aðilar eiga að kanna og taka afstöðu til þeirra ásakana er fram kom í erindum Helgu Bjargar Ragnarsdóttur?
11. Hvaða siðfræðingur á að kanna og taka afstöðu til erindis Helgu Bjargar Ragnarsdóttur?
12. Hvað er áætlað að Reykjavíkurborg greiði í þessa þjónustu?
13. Er gert ráð fyrir því að Reykjavíkurborg greiði málskostnað í dómsmáli fyrir kjörinn fulltrúa, eins og borgin gerir fyrir embættismenn, þurfi hann að grípa til þess ráðs að verja mannorð sitt fyrir dómsstólum?
14. Hver var aðkoma borgarritara og borgarlögmanns í málinu?
15. Eiga þessir embættismenn ekki að gæta hagsmuna minna sem kjörins fulltrúa? Jafnframt er óskað eftir að borgarráð fái sent erindisbréfi dags. 10. maí 2019, sem

sent var til eineltis- áreitnisteymi Ráðhúss/miðlægrar stjórnsýslu.